

Fyrsti stórvíðburðurinn haldinn með pompi og prakt í Selfosshöll



Sveitarfélagið Árborg hélt upp á árið með glæsilegri árshátíð í nýrri Selfosshöll. Viðburður þessi markar tímamót eftir allmikil róleigheit í samkomum síðustu tvö ár og virðast gestir hafa skemmt sér mjög vel á þessari fjölmennustu árshátíð sem Árborg hefur haldið, en samkvæmt Einari Björnssyni, viðburðastjóra, var vart þverfótað fyrir hæst-ánægðum veislugestum sem töldu um 900 manns. Mynd: Viðburðapjónusta Suðurlands.

-HGL

Ljósleiðarinn á Stokkseyri og Eyrarbakka

Ísumar mun Ljósleiðarinn leggja ljósleiðara til allra heimila og fyrirtækja á Stokkseyri og Eyrarbakka.

Framkvæmdirnar hefjast nú með hækkanði sól og lokið verður við að tengja öll heimili á Stokkseyri og Eyrarbakka fyrir árslok 2022.

Nú þegar er hafin svokölluð húsaskoðun á Stokkseyri og Eyrarbakka, en hún er liður í vali á lagnaleiðum Ljósleiðarans um bæinn. Þetta verkefni er unnið í samstarfi við Mílu eins og önnur uppbyggingarverkefni Ljósleiðarans undanfarin ár.

Með framkvæmdunum mun heimilum í þessum byggða-



kjörnum standa til boða Eitt gíg gæðasamband Ljósleiðarans, sem gefur kost á 1.000 megabita

gagnaflutningi til hvers heimilis og frá því.

Emilía Hugrún sigraði Söngkeppni NFSu

Stórglæsileg Söngkeppni NFSu var haldin í Íðu þriðjudaginn 15. mars sl. Emilía Hugrún Lárusdóttir bar sigur úr býtum en hún söng lag Ettu James, I'd rather go blind. Emilía Hugrún verður þar af leiðandi fulltrúi skólans í aðalkeppninni, Söngkeppni framhaldsskólanna.

Tólf keppendur tóku þátt að þessu sinni en þeir voru valdir í forvali fyrir á skólaárinu. Kynnir kvöldsins var Vilhelm Anton Jónsson eða Villi nagl-bítur. Söngatriðin voru öll góð og átti dómnefndin allt annað en auðvelt með að komast að niðurstöðu.

Í öðru sæti varð Elísabet Björgvinsdóttir, en hún söng lagið Jealous með Labrinth Smith og í þriðja sæti varð Klara Ósk Sigurðardóttir en hún söng lagið New York State of Mind með Billy Joel. Verðlaun fyrir skemmtilegasta atriðið fékk Aron Birkir



Emilía Hugrún Lárusdóttir, sigurvegari Söngkeppni NFSu. Mynd: Óli Þorbjörn Guðbjartsson.

Guðmundsson sem flutti lagið Don't stop me now með Queen. Hljómsveitin No Sleep sá um undirleik og rúmlega fimm hundruð manns fylgdust með keppninni.

-HGL

Lóan er komin að kveða burt snjóinn

Fuglaathugunarstöð Suð-austurlands færði fylgjendum sínum þau gleðitíðindi á Facebook-síðu sinni sunnudaginn 20. mars að fyrstu heiðlour ársins væru komnar til landsins, 5 fuglar hefðu sést á túni við Grænahraun í Nesjum, ein við Gaulverjabæ í Flóa og 7 í Grunnafirði.



Út um mela og móa syngur mjúkrödduð lóa, og frá sporléttum spóa heyrir sprellfjörugt lag.

Við hjá Dagskránni tókum komu hennar fagnandi og bjóðum hana hjartanlega velkomna til landsins.

-HGL

Fáðu fagmann í verkið

PÍPULAGNIR HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Toyota Selfossi

FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Atvinna

Óska eftir dyravörðum/öryggisgæsla
 Vegna aukina verkefna vantar fólk í kvöld-
 og helgarvinnu.

Uppl. á uppognidur@uppognidur.is



HARPA
 ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
 Garðabær


harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
 842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
 821 2045



PROJOB
 SWEDISH WORKWEAR

Vandastur og flottur vinnufatnaður

Sjáum um allar merkingar

VIÐ GERUM ALLT MÉRKILEGT

FAGFORM

Þú finnst þú? Sjúkhusi S: 482-3266 fagform@fagform.is

Munaðarleysinginn - hver er framtíð Garðyrkjuskólans?

Síðan 2019 hefi eg verið Sdvalargestur á Heilsuhælinu í Hveragerði um 4ra vikna skeið hverju sinni. Að ganga um nágrennið, fylgjast með fuglalífínu og trjágróðrinum ásamt ýmsu öðru í umhverfinu, hitta kannski fólk og spjalla um daginn og veginn hefur mér ætíð þótt skemmtilegt.

Fyrstu daga dvalar minnar að þessu sinni voru göngustígarnir um skóginn handan Varmárinnar við Heilsuhælið og að Garðyrkjuskólanum á Reykjum nánast ófærir. Nokkrum dögum síðar gekk eg aftur þar um enda færðin skárrí. Ósköp þótti mér eyðilegt að sjá rétt eins og Þyrnirósarsvefn væri runninn upp í Garðyrkjuskólanum. Hvergi var nokkurn að sjá þó um virkan dag væri að ræða. Þótti mér það afarleitt að sjá hvernig komið er fyrir gamla góða Garðyrkjuskólanum. Fyrir um áratug sótti eg námskeið fyrir áhugafólk um skógrækt, Grænni skógar sem haldið var sitt á hvað í Garðyrkjuskólanum og að Hvanneyri í Borgarfirði. Tel eg mig því eiga góðar minningar um skóla þennan sem virðist í dag vera eins og munaðarleysingi íslenska skólakerfisins.

Nú í vikunni sá eg hóp nemenda sem var í verklegri þjálfun við að stunda klippingar og snyrtingu á runnum sunnan við Garðyrkjuskólann. Skildist mér á þeim að þeir væru í tímabundinni sjálfbæðaliðavinnu í þágu skólans undir tilsjón kennara.

Lengst af var Garðyrkjuskólinn sjálfstæður fagskóli uns hann var sameinaður Landbúnaðarskólanum á Hvanneyri og um tíma gerður að sérstakri starfs- og endurmenntunardeild. Árið 2019 var því fyrirkomulagi breytt og náminu skipt upp milli þriggja háskóladeilda en varð mjög umdeilt. Starfið í Garðyrkjuskólanum var því ekki hafið upp á háskólastig og því afgangsstærð.

Margir hugðu gott til glóðarinnar og báru þá von að nú væru breyttir tímar upprunnir. En fjárveitingavaldið hefur verið lengi þekkt fyrir að vanmeta fjárhagsáætlanir skóla enda kom það brátt í ljós. Háskólasamfélagið hefur verið meira og minna á horriminni sem aðrir skólar í samfélaginu og Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og í Ölfusi fór ekki varhuga af því. Árið 2020 ákvað þáverandi menntamálaráðherra að breyta þessu og leggja skólann undir og sameina hann Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi. Það verður því að telja gagnlítið að flytja Garðyrkjuskólann í þriðja sveitarfélagið sem verður að teljast enn ein bráðabirgðalausnir. Það verður að leita raunhæfari leiða.

Svo virðist sem þolinmæði aðstandenda Garðyrkjuskólans sé þrotin um ástandið mála en sagt er að viðræður séu í gangi



um samstarf við Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi. Vel kann að vera að það reynist skárri en þá er verið að blanda enn einu sveitarfélaginu inn í þessa þraut við að reka skólann. Eins og staðan er í dag má því líta á Garðyrkjuskólann sem munaðarleysingja innan íslenska menntakerfisins.

Garðyrkjuskólinn er með eldri framhaldsskólum landsins, stofnaður 1939. Þar hefur gegnum tíðina safnast fyrir mikil reynsla og þekking á margvislegum sviðum garðyrkju. Um líkt leyti og skólinn hóf starfsemi sína varð til þéttbýli í Hveragerði. Hafa hvorutveggja, skólinn og sveitarfélagið átt allnáið samstarf saman. Þegar landakort er skoðað þá vill svo til að Hveragerðisbær er sem lítil eyja inni í miðju annars sveitarfélags, Ölfuss þar sem yfirstjórnin er í Þorlákshöfn. Einhverra hluta vegna virðist hafa gleymst að stækka lögsagnarumdæmi Hveragerðis eftir því sem sveitarfélaginu hefur vaxið fiskur um hrygg. Íbúum þess hefur fjölgað mikið og umsvifum sveitarfélagsins aukist að sama skapi. Tengsl Garðyrkjuskólans við Ölfus eru væntanlega sáralítil. Varmáin deilir mörkum milli Ölfuss og Hveragerðis og hafa yfirvöld í Þorlákshöfn skipulagsvald á Reykjum þar sem Garðyrkjuskólinn er. Meira að segja sundlaugin í Laugaskarði, almenningsundlaug Hvergerðinga á undursamlega fögrum stað er í Ölfusi og þar með einnig á skipulagssvæði Ölfus.

Sjálfstæði er að skoða betur mörk sveitarfélaganna sem myndi án efa styrkja tengsl Garðyrkjuskólans við Hveragerðisbæ þar sem nán tengsl ættu betur við en Ölfuss.

Fyrir nokkrum misserum fór fram atkvæðagreiðsla um sameiningu Hveragerðis við Ölfuss. Hveragerðingar eru flestir hlynntir slíkri tillögu en hún var kolfelld í Ölfushreppi. Því verður að leita annarra leiða. Það verður að draga upp ný mörk milli sveitarfélaganna

sjái Ölfushreppur ekki að sér og endurskoði afstöðu sína til sameiningar. Núverandi mörk eru frá eldri tíð og eðlilegt er að endurskoða þessi mál með hagsmuni Hveragerðinga betur og þar með Garðyrkjuskólans í leiðinni.

Mörk Ölfushrepps verða að teljast mjög óeðlileg eins og þau eru núna enda ná þau langt norður af Hveragerði og alla leið norður í Grafning. Augljóst er að vegna virkjanaframkvæmda norðan Hveragerðis er Hveragerðisbær ekki aðili að samningum við aðila á sviði virkjana né annarra framkvæmda sem verður að teljast mjög óraunhæft. Ölfusbúum virðist standa á sama hvort niðurdæling og aðrar framkvæmdir á vegum Orkuveitunnar valdi Hveragerðingum einhverjum óþægindum og raski. Mörk Ölfushrepps verða því að teljast mjög óeðlileg að ná langt norður fyrir Hveragerði.

Nú hefur Sjálfstæðisflokkurinn stýrt báðum þessum sveitarfélögum. Eðlilegt er að líta svo á að nú standi á flokki þessum að beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á mörkum sveitarfélaganna. Sé áhugi lítill eða jafnvel enginn er það hlutverk annarra stjórnmálaflokka að ríða á vaðið og eiga frumkvæði að breytingum um stjórnsýslumörkin. Eftir að Hveragerðisbær hefur fengið skipulagsvald norðan og austan Varmár, ætti að vera kominn góður grundvöllur um betri landnýtingu á þeim slóðum. Það er lykilatriðið að unnt sé að breyta og bæta hag Garðyrkjuskólans. Og þá má ekki gleyma að fjárveitingavaldið verður að sýna skólanum betri skilning og veita nauðsynlegt og nægt fé sem til þarf að rétta hag hans.

Garðyrkjuskólinn þarf að rísa úr öskustónni.

Munaðarleysinginn verður að fá tækifæri að braggast að nýju.

Guðjón Jensson,
 leiðsögumaður og
 tómstundablaðamaður
arnartangi43@gmail.com

Við mótmælum þeim áformum bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar að halda upp á 170 ára afmæli Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri, elsta barnaskóla landsins, með því að leggja niður skólahald á Eyrarbakka. Við viljum sterka innviði og bjarta framtíð fyrir ungt fólk í báðum þorpum.

Inga Lára Baldvinsdóttir
Birkir Örvarsson
Jón Ólafsson
Charlotte Sigrid á Kósini
Auður Hlín Ólafsdóttir
Magnús Karel Hannesson
Sigurður Steindórsson
Sigurlína Eiríksdóttir
Drífa Pálín Geirs
Unnur Ósk Kristjónsdóttir
Vigdís Sigurðardóttir
Hallgrímur Geir Jónsson
Norma Einarsdóttir
Skúli Þórarinnsson
Ragna Jónsdóttir
Auður Elín Hjálmarsdóttir
Rúnar Eiríksson
Ragnheiður Thelma Björnsdóttir
Brynjar Örn Sigurðsson
Tinna Björg Kristinsdóttir
Valdimar Gylfason
Eygerður Þórisdóttir
Erlingur Bjarnason
Elín Birna Bjarnfinnsdóttir
Halldór Páll Kjartansson
Birna Björnsdóttir
Unnar Þór Þórunnarson
Hugborg Guðmundsdóttir
Birna Gylfadóttir
Ásdís Ósk Ragnarsdóttir
Guðmundur Emilsson
Óskar Freyr Snorrason
Helgi Valur Snorrason
Halla Guðlaug Emilsdóttir
Sævar Halldórsson
Hafþór Ingi Sævarsson
Bjarni Þór Erlingsson
Jenny Erlingsson
Anita Harðardóttir
Ágústa Sverrisdóttir
Edda Bára Höskuldsdóttir
Hjalti Búi Kristbjörnsson
Linda Ásdísardóttir
James Hrafn Bichard
Douglas Máni Bichard
Ragnar Emilsson
Ástrós Werner Guðmundsdóttir
Bára Sif Werner Ragnarsdóttir
Guðmunda S. Werner Ragnarsdóttir

Margrét H. Werner Ragnarsdóttir
Guðni Hannesson
Jónína Eirný Sigurðardóttir
Elín Katrín Rúnarsdóttir
Þórir Þorsteinsson
Dorothee Lubecki
Agnes Karlsdóttir
Hörður Jóhannsson
Hjördís Heiða Másdóttir
Unnar Gíslason
Sigurbára Óskarsdóttir
Anna Söderström
Snorri Freyr Hilmarsson
Íris Björk Magnúsdóttir
Esther Helga Guðmundsdóttir
Bjarnfinnur Sverrisson
Jóhanna Þórðardóttir
Rakel Ýr Gunnlaugsdóttir
Ryan Maskell
Gunnlaugur Helgason
Erna Gísladóttir
Helga Kristín Böðvarsdóttir
Hrafn Arnarsson
Böðvar Arnarsson
Guðmundur Brynjólfsson
Böðvar Sverrisson
María Gestsdóttir
Vigdís Jónsdóttir
Björn Hilmarsson
Rannveig Brynja Sverrisdóttir
Arnrún Sigurmundsdóttir
Guðmundur Magni Marteinnsson
Aðalheiður Harðardóttir
Júlíanna María Nielsen
Ragnheiður Óskarsdóttir
Sigríður Óskarsdóttir
Agnes Lind Jónsdóttir
Steingrímur Pétursson
Friðrik Áki Steingrímsson
Sandra Sævarsdóttir
Júlíus Emilsson
Erika Ósk Júlíusdóttir
Ágúst Bjarneyjarson
Kristinn Þórarinnsson
Jóhann Elí Þórarinnsson
Helga Hallgrímsdóttir
Ósk Pálsdóttir
Hákon Steinn Kristgeirsson
Gróa J. Skúladóttir

Gunnar Erlingsson
Davíð Ævarr Gunnarsson
Valgerður Gunnarsdóttir
Haukur Jónsson
Aldís Anna Nielsen
Eydís Hauksdóttir
Guðmundur Ármann Pétursson
Jessica Dahlgren
Steinn Ævarr Skúlason
Alex Freyr Steinsson
Ólafur Jónsson
Kristín Vilhjálmsdóttir
Hera Fjord
Guðmundur Þór Gunnarsson
Guðbjört Einarsdóttir
Jón Ómar Sigfússon
Jóhann Ingi Pétursson
Signý Egilsdóttir
Þórdís Kristinsdóttir
Rebekka Þráinsdóttir
Örlygur Benediktsson
Jóhann Jóhannsson
Svanhildur Sverrisdóttir
Unnur Huld Hagalín
Jón Karl Ragnarsson
Snjólaug Kristjánsdóttir
Finnur Kristjánsson
Sædís Ósk Harðardóttir
Ásdís Bjarnfinnsdóttir
Arnfríður Einarsdóttir
Stefán Hermannsson
Rafal Figlarski
Aneta Figlarska
Oliver Gabriel Figlarski
Maximillian Riley
Kristín Scheving
Emil Ragnarsson
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Þóra Ósk Guðjónsdóttir
Vildís Harpa Sævarsdóttir
Jessi Kingan
Jóhann Jónsson
Kristín Eiríksdóttir
Marie Klith Harðardóttir
Einar Ingi Jónsson
Guðmundur Kristjánsson
Inga Hlöðvers
Sylvía Kristjánsdóttir
Óskar Magnússon

Það birtir á ný

Gunnastella

„Mamma, ég vildi óska þess að ég gæti farið aftur í tímann,“ sagði 6 ára sonur minn einn daginn. „Nú, af hverju?“ sagði ég. „Nú af því að þá gæti alltaf verið sumar og ég verið í stuttermaból og strigaskóm.“ Já, sonur minn er svo sannarlega sonur pabba síns. Hann elskar sól og sumaryl.

Ég held að mörg okkar kannist við þessa upplifun. Við gleðjumst yfir hækkanði sól. Við finnum lyktina af vorinu í loftinu. Það stytist í sumardaginn fyrsta. Við gleðjumst yfir því að farið er að birta meir og það er auðveldara að skriða á fætur að morgni. Ég held að besta fjárfesting sem ég hafi gert eða kannski eigingjarnasta afmælisgjöf sem ég hef gefið (svona eftir að hyggja) hafi verið sólarupprásarvejaraklukkan sem ég gaf manni mínum í afmælisgjöf. Þessi klukkan hefur verulega bætt morgnana hjá okkur hjónum. Vekjaraklukkan vekur okkur að morgni með hálf-tíma sólarupprás og fuglasöng og svæfir okkur að kvöldi



með sólarlagi og engisprettu-hljóði. Ég keypti klukkuna samt í alvöru bara fyrir hann en svo eftir að hyggja þá græddi ég líka. Nú langar mig helst að það sé ein svona klukka í hverju herbergi í húsinu. Ég held að það sé þessari klukku að þakka að við höfum yfir höfuð vaknað á morgnana í vetur. Það er ótrúlegt hvað birtan og sólin gerir mikið fyrir andlega líðan. Ég vaknaði einn morguninn kl. 06:00 við það að fuglarnir voru farnir að syngja. Mér fannst það mjög skrítið þar sem ég vissi að þær færu yfirleitt ekki að syngja fyrr en kl. 6:30 í klukkunni. Þá áttaði ég mig á því að þetta var ekki gervi-fuglahljóð heldur fuglar sem voru í alvöru að syngja í garðinum mínum. Ég fylltist þakklæti og hugsaði með sjálfri mér. Yess... vorið er að koma.

Á eftir vetri kemur alltaf vor og svo sumar... þetta á við um árstíðirnar. Þetta á líka við um erfiðleika lífsins og áskoranir sem við tökumst á við. Lífið færir okkur allskonar áskoranir sem við þurfum að takast á við. Það geta verið

andlega og líkamleg veikindi. Það geta verið erfiðleikar í samböndum. Við gætum hafa misst vinnuna eða lent í slysi. Mitt í þessum aðstæðum er kannski erfitt að trúa því þegar einhver segir við okkur: „Það birtir á ný,“ en það er þó yfirleitt raunin. Það er mikilvægt að halda áfram. Stundum þurfum við bara að taka eitt skref í einu. Stundum getum við tekið mörg. Það mikilvæga er að halda áfram. Vitandi það að með hverjum degi færumst við nær vorinu.

Ég vil því enda þennan pistil á erindi úr laginu með Hækkanði Sól eftir Lovísu Sigrúnu Elísabetardóttur.

Í dimmum vetri – hækkanði sól,
bræðir hjartans klakabönd – svo hlý..
Í dimmum vetri – vorið vena,
vermir þitt vænghaf á ný..

Gangi þér vel að taka næsta skref

Kærleikskveðja,
Gunnastella

Ráðgjafi, heilsumarkþjálfari og kennari.
<https://linktr.ee/gunnastella>
Hlaðvarp: Einfaldara líf

Til að panta tíma í fyrirlestur, heilsumarkþjálfun eða ráðgjöf, kíktu þá á www.gunnastella.is - Hlaðvarp: Einfaldara líf

Takk fyrir stuðninginn - fjölmennasta prófkjör XD í Árborg

Bragi Bjarnason

Oddviti Sjálfstæðisflokksins í Árborg



Þá liggur niðurstaðan fyrir í fjölmennasta prófkjöri D listans í Árborg frá upphafi þar sem 1432 íbúar tóku þátt í að velja í sjö efstu sætin. Það eitt og sér ásamt því að 18 einstaklingar hafi boðið sig fram eru frábærar fréttir og sýnir

áhuga íbúa á málefnum sveitarfélagsins.

Ég er auðmjúkur að hafa náð markmiði mínu og fá tækifæri til að leiða þennan öflugan hóp áfram til góðra verka fyrir samfélagið. Vil þakka öllum frambjóðendum fyrir ótrúlega skemmtilega prófkjörsbaráttu þar sem hjálpsami, samvinna og virðing einkenndi hópinn. Slíkt er ekki sjálfsagt í svona baráttu en sýnir þann mikla jákvæða kraft sem er í Sjálfstæðisflokknum í Árborg.

Nú er búið að kjósa um

efstu sjö sætin en þau skipa Bragi Bjarnason, Fjóla Kristinsdóttir, Kjartan Björnsson, Sveinn Ægir Birgisson, Brynhildur Jónsdóttir, Helga Lind Pálsdóttir og Þórhildur Dröfn Ingvadóttir. Framundan er vinna við að klára endanlegan 22 manna lista fyrir bæjarstjórnarkosningarnar 14. maí.

Þakka öllum fyrir stuðninginn og hjálpinu í kosningarbaráttunni og þeim fjöllum sem unnu óeigingjarnt starf við framkvæmd prófkjörsins.



Sunnlenski matgæðingurinn



Ég vil þakka Helgu fyrir áskorunina. Þennan kjúklingarétt geri ég nánast í hverri viku við góðar undirtektir fjölskyldunnar!

Ítalskur kjúlli sem allir elska

1 laukur
5 hvítlauskrof
Olía
4 kjúklingabringur (skornar í ca 3-5 bita, eftir stærð)
Salt og pipar
1 tsk kjúklingakrydd
2-3 dósir hakkaðir tómatar frá Mutti
4 msk tómatsúppa
2 msk ítalskt krydd
1 dl fersk basilíka söxuð
1 pakki/dolla ferskir smátómatar
1 poki rifinn mozarella



Sigrún Vala Vilmondardóttir er Matgæðingurinn þessa viku

Saxið laukinn og mýkið á pönnu upp úr olíu. Þegar laukurinn er farin að verða glær er hvítlauk bætt við. Setjið kjúklinginn í poka með 1 msk af olíu, kjúklingakryddi, salti og pipar og blandið vel. Setjið hann svo á pönnuna og er hann brúnaður við nokkuð háan hita á hvorri hlið. Hellið tómötunum, súppunni og kryddunum (basilíkuni) saman við og látið malla í 10 mínútur. Hér má vel bæta við meira salti og pipar, magn fer eftir smekk. Ath ekki smakka til því kjúklingurinn er ekki fülleldaður. Bætið þá helmingnum af smátómötunum saman við og hellið osti yfir og smellið inn í ofn á 180 gráður í 25-30 mínútur eftir þykkt kjúklingsins. Berið fram með klettasalati með sítrónuolíu og afgangnum af tómötunum, soðnu spaghetti frá Jamie Oliver og ferskum

parmesan osti. Ég mæli með góðu Chablis hvítvíni með.

Eftirrættur: Súkkulaðimús með Öreo og berjum.

Sætur rjómi
2,5dl þeyttur rjómi með 2msk af flórsykri

Súkkulaðimús:

2,5 dl þeyttur rjómi
Bræðið 50gr rjómasúkkulaði og 50gr suðusúkkulaði

Kælið örlítið áður en 2 eggjaraudum er bætt við, ef þetta verður kekkjótt má bæta smá rjóma saman við. Súkkulaðinu varlega blandað saman við þeytta þrjómann. Sæta rjómanum og súkkulaðimúsinni er svo hellt í lögum í falleg glös með muldu Öreo og berjum að eigin vali á milli. Látið stífna í ísskáp áður en borið er fram.

Ég vil skora á vinkonu mína hana **Katrínu Þrastardóttur** að koma með eldhústófra úr Stekkjalandi í næsta blað.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Gerðu þín eigin fermingarboðskort á hönnunarvefnum okkar

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið **kort**, **dagatöl** og **myndabækur**



SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi,
Eyravegi 25, 800 Selfoss,
sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson,
sími 856 0656, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944,
auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi.
Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dræft ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf:
Ármann Dalmannsson
Útg. Bókauktgáfan SKRUDDA

Gæðingur minn sökk í sand, en sjálfur slapp ég.
Á Tjörnnesinu einkum er ég.
Eignir ríkismanna ver ég.

Svar við gátu í blaði 2641: **SLÉTTA**
1. Melrakka**Slétt**a - 2. Há**Slétt**a
3. Sá**Slétt**a





Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir,
afi, langafi og langalangafi

Bárður K. Vigfússon,
leigubísfreiðarstjóri, áður til heimilis að
Sólvöllum 15, Selfossi,

lést mánudaginn 14. mars á
hjúkrunarheimilinu Fossheimum,
Selfossi.



Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn
25. mars kl. 14:00.

Athöfninni verður streymt á vef Selfosskirkju;
selfosskirkja.is

Brynja Ágústsdóttir
Gestur R. Bárðarson **Erna S. Guðmundsdóttir**
Kristinn M. Bárðarson **Gerða Arnardóttir**
og afkomendur.

Aðalfundur

**Stjórnendafélag Suðurlands heldur
aðalfund á Hótel Selfossi fimmtudaginn
31. mars nk. kl. 19:00**

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Lagabreytingar
- Fulltrúi frá Sambandi stjórnendafélaga mætir á fundinn
- KOMPÁS þekkingarsamfélagið verður kynnt

Matur í boði félagsins í upphafi fundar
Stjórnin



**STJÓRNENDAFÉLAG
SUÐURLANDS**



Lögmansstofa
ÓLAFS BJÖRNSSONAR

Eyravegi 15, 800 Selfoss | kt. 670705-1100
oli @olafur.is | s: 416 2220 | gsm: 894 3209 | www.olafur.is

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri Staða deildarstjóra stoðþjónustu



Við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri er laus staða deildarstjóra stoðþjónustu. Ráðið verður í stöðuna frá 1. maí 2022 eða samkvæmt samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með sérkennslu og kennslu íslensku sem annars máls
- Sér til þess að veitt sé stoðþjónusta í hverjum árgangi eftir þörfum
- Er tengiliður skólans við sálfræðinga, talmeinafræðinga og aðra sérfræðinga og stofnanir sem tengjast skólanum
- Veitir stuðningsfulltrúum faglegan stuðning
- Situr teymis- og skilafundi eftir því sem við á
- Aðstoðar kennara við gerð einstaklingsnámskráa
- Hefur eftirlit með námsgögnum sem eru sérstaklega ætluð sérkennslu og sér um skipulagningu á sérkennsluáðstöðu í samráði við aðra stjórnendur
- Fundar með sérkennurum og þroskaþjálfum reglulega yfir veturinn
- Skrifar skýrslu um starf skólaársins sem er hluti af ársskýrslu skólans
- Útbýr aðlagðar stundaskrár nemenda þegar þörf er á

Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi (s.s. kennaramenntun, þroskaþjálfamenntun)
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði sérkennslu
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og sveigjanleiki
- Frumkvæði og metnaður
- Skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku, önnur tungumál kostur
- Góð almenn tölvukunnátta

Nánari lýsingar eru að finna á ráðningavef Árborgar www.arborg.is. Frekari upplýsingar veitir Páll Sveinsson, skólastjóri (pall@barnaskolinn.is) og Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir (gudrun.bjorg@barnaskolinn.is), aðstoðarskólastjóri í síma 480 3200. Umsóknarfrestur er til og með 4. apríl 2022.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambandi íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins. Nánari lýsingar eru að finna á ráðningavef Árborgar <https://starf.arborg.is/>.

Í Barnaskólanum eru 145 nemendur í 1. – 10. bekk. Sérstaða skólans felst í einstaklingsmiðaðri kennslu, skapandi greinar fá mikið vægi í skólastarfinu, mikil áhersla lögð á góð samskipti, gott samstarf er við leikskólann og áhersla er lögð á góða samvinnu við nærumhverfið. Skólinn er Erasmus+ skóli, heilsueflandi grunnskóli og er í mikilli þróunarvinnu varðandi teymiskennslu, stafræna menntun, umhverfismennt og skóla-sýn. Skólinn er virkur þátttakandi í Lærdómssamfélagi Árborgar og í öflugum samstarfi við aðra grunnskóla í Árborg.



Aqua-Icelander.com

Hjá Aqua Icelander framleiðum við
Vatnshlaupabretti fyrir hesta og aðrar
vörur til útflutnings.

Okkur vantar liðsmann í framleiðsluna
hjá okkur sem hefur áhuga á nýsmíði.

Gott vald á tic suðu, nækvæmni og
reynsla af ryðfríu stáli æskileg.

Við erum staðsett í Flóanum
10 mín frá Selfossi.

Áhugasamir hafi samband á
info@formax.is og í síma 5626800



ÚTBOÐ

Finnmörk 1 - Leikskólinn Óskaland - viðbygging

Verkið felst í viðbyggingu við leikskólann, breytingum innandyrna og lóðarframkvæmum. Verkið skal vinna samkvæmt verklýsingum og teikningum eftir því sem við á. Verkið hefur stuttan framkvæmdartíma þar sem rof á starfsemi skólans má einungis vera í sumarfrí og því þarf verktaki og undirverktakar hans að vera meðvitaðir frá upphafi um aðstæður og tímaramma verkefnis.

Helstu magntölur eru eftirfarandi:

- Steypt viðbygging 85 m²
- Breytingar á núverandi húsnæði um 50 m²
- Hellulögð og malbikuð svæði, jarðvegsgrindur 1325 m²

Útboðsgögn verða eingöngu birt á útboðsvef verksins https://www.utbodsgatt.is/hveragerdi/staekkun_leikskola_2022. Bjóðendum ber að tryggja að þeir séu réttilega skráðir inn á útboðsvefinn vegna mögulegra samskipta á útboðstíma.

Tilboðum skal skila rafrænt undir vefslóð útboðsins eða á Skrifstofu Hveragerðisbæjar Breiðumörk 20, 810 Hveragerði, eigi síðar en **13. apríl 2022, kl. 10:30**

Verklok 1. nóvember 2022



Sumarafleysingar í kjötvinnslu okkar á Hvolsvelli

Við hjá Sláturfélagi Suðurlands leitum nú að öflugum og hressum sumarstarfsmönnum til afleysingastarfa í kjötvinnslu okkar á Hvolsvelli. Á Hvolsvelli eru meðal annars framleiddar hinar víðfrægu SS pylsur, okkar frábæra lifrarpýlsa ásamt öllu okkar ljúffenga grillkjöti svo fátt eitt sé nefnt. Um er að ræða mikilvæg störf og því leitum við að góðu fólki til að hjálpa okkur við að halda matardiskum landsmanna fullum í sumar af okkar góðu sunnlensku SS kjötvörum. Ef þig langar að vinna á heimili SS pylsunnar og ert 16 ára á árinu eða eldri, mun samhentur hópur starfsmanna taka vel á móti þér. Í flestum tilvikum er um vaktavinnu að ræða.

Sækja skal um starf á heimasíðu félagsins, ss.is og þar er einnig að finna nánari upplýsingar um SS. Nánari upplýsingar veitir verksmiðjustjóri í síma 488-8200.



Uppljómanir við eldhúsbörðið hjá ömmu og afa segir lestrarhesturinn Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir

Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir er með BA próf í íslensku, kennari, safnvörður og meistaranemi í safnafræði við Háskóla Íslands. Hún starfar við Bygðasafn Árnesinga en eins og er vinnur hún á M/S Museet for Søfart í Helsingør og drekkur í sig ferska og kraftmikla vinda sem leika um veröld safna í Danmörku.

Hvaða bækur ertu að lesa núna?

Nú er ég að lesa Langelstur að eilífu með yngri börnunum mínum en við höldum mikið upp á Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur, Njálu með unglingunum mínum, ég er hlusta á Hvað er svona merkilegt við það að vera biskupsfrú? eftir Hildi Hákonardóttur á leiðinni til vinnu og þess á milli er ég að lesa Hvað er sagnfræði? sem er safnrit fyrirlestara frá hádegisfundum Sagnfræðifélags Íslands 2006-2007 og tengist sá lestur náminu mínu.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Ég hef í raun gaman af alls konar bókum. Ég get lesið allt nema kannski mjög væmnar ástar-sögur, þær höfðu ekki til mín. Þá er ég ekki að tala um reyfara, mér finnst frábært að detta á bólakaf ofan í góðan reyfara – það jafnast örugglega á við hámhörf í sjónvarpi sem margir stunda grimmt í dag. Hins vegar er ekkert eins dásamlegt og marglaga, mikil, íslensk, örlítið tormelt skáldsaga með vísun til sögulegra atburða eða persóna. Sögur þar sem persónurnar eru eftirminnlegar, marghliða, fullkomlega ófullkomnar og kljást við það eitt að vera til.

Varstu dugleg að lesa sem barn?

Ég las mikið sem barn og unglingur, hvers kyns barna- og ungmennbækur og jólin voru alltaf bókajól. Hins vegar lá ég í Öldinni okkar, var stöðugt að fletta Sunnlenskum byggðum, var sölgin í hvers kyns þjóðlegan fróðleik, drakk í mig þjóðsögur og ævintýri en helst höfðuðu til mín drauga- og álfasögur og frásagnir af einhverju dularfullu. Ég er alin upp við bækur og sögur upp um allt og alla veggir á mínu æskuheimili og á heimilum ömmu og afa. Það var lesið fyrir mig og sungið, mér voru sagðar sögur og ég fékk að segja frá. Ég á sterkar bernskuminningar og jafnvel uppljómanir tengdar eldhúsbörði ömmu og afa, bæði

móður og föður. Menningin við eldhúsbörð föðurfjölskyldu minnar var dásamleg þar sem börn fengu orðið, mikið var farið með hvers kyns þulur og gátur, jafnvel spáð í bolla og yngri systur þabba gerðu mikið af því að spekulera í tilverunni með okkur krökkunum á þann hátt að pára á blaðsnepla. Þegar maður hugsar til baka var þetta ekkert annað en heimspeki og nútíund í sinni tærustu mynd. Við eldhúsbörð móðurfjölskyldu minnar var ekkert síður dásamlegt en kannski örlítið kvikara og alþjóðlegra en það má segja að þar hafi alltaf verið gestir og oft erlendir, spennandi frásagnir fylgdu þessum gestum, heimurinn var undir og aftur fékk barnið að spreya sig og finna til sín. Að finna til sín er sjálfsagt ein mikilvægasta tilfinning sem hægt er að upplifa sem barn, þá stækkar sjálfið.

Hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?

Ég reyni að vera stöðugt með bók á náttborðinu eins og það kallast. Næ því þó ekki alltaf og stundum verða til langar pásur og þá finn ég hvernig kvarnast úr andlegu hliðinni. Það er nefnilega þannig að þegar þú ert að lesa góða bók þá áttu skjól. Athvarf frá daglegu amstri og almennum leiðindum, skyldum og væntingum. Þú átt heiminn í sögunni út af fyrir þig og getur horfið til hans og hvílst.

Áttu þér uppáhaldshöfunda?

Já og nei, kannski frekar eftirminnlegar bækur líkt og Sumarljós og svo kemur nóttin eftir Jón Kalman Stefánsson sem ég les helst einu sinni á ári. Ég held upp á Halldór Laxness og hef gert síðan ég var í íslenskunámi sem var í kringum síðustu aldamót. Salka Valka, Sjálfstætt fólk og Íslandsklukkan eru sögur sem verða hluti af manni eftir að hafa lesið þær sem kennari með nemendum. Og ekki var leiðinlegt að kryfja Gerplu undir leiðsögn Bergljótar Soffíu Kristjánsdóttur. Híbyli vindanna er saga sem fer inn að kviku en samt um leið svo lipur og í raun stórkemmtileg þó sagan sé átakanleg. Ég er hrifin af skáldskap Gyrðis Elíassonar og er Bréfbátaríngningin sérlega eftirminnleg. Sögurnar hennar Vilborgar Davíðsdóttur alveg frá Korku og að Askinum eru í miklu uppáhaldi og þar með höfundurinn. Ljósmodúrin eftir Eyrúnu Ingadóttur er dásamleg



Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir

saga úr héraði og ég hef í hyggju að lesa söguna hennar um Sigriði frá Bratttholti. Ég tengi sögur mikið við tímabil í lífi mínu og sæki stemningu þess sem var í gegnum sögur sem ég hef lesið. Sögurnar hennar Kristínar Marju Baldursdóttur hafa einhverra hluta vegna verið hjá mér löngu eftir að lestri er lokið og ég hugsa oft til þeirra. Aðventa Gunnars Gunnarssonar er perla sem verður fegurri með tímanum og hverju skiptinu sem maður kemur að henni. Merking eftir Fríðu Ísberg stóð upp úr af því sem ég las síðustu jól og ég bíð spennt eftir því sem kemur næst frá henni.

En hefur bók einhvern tímann rænt þig nætursvefni?

Margoft, mér finnst ég hafa dottið í lukkupottinn þegar slíkt gerist og fyllist þá tómleika-tilfinningu þegar ég hef lokið lestrinum og spyr sjálfa mig hvort ég verði svo heppin að upplifa þetta aftur.

En að lokum Ragga, hvernig bækur myndir þú skrifa sjálf?

Ævintýri/sögur fyrir börn og ungmenni. Ef ég gæti smellt fingri og orðið farsæll rithöfundur þá vildi ég helst búa yfir þeim hæfileika að geta skrifað sögur í líkingu við sögurnar hennar Astrid Lindgren. Þær eru töfrum líkastar! Þar er að finna allt litróf lífsins, ef allir í heiminum myndu lesa sögur Lindgren þá væri hann mun betri og fegurri staður!

Umsjón með Lestrarhestinum hefur Jón Özur Snorrason

Ertu að leita
að vinnu á
Suðurlandi?

Ný störf
auglýst í
hverri viku!

[www.dfs.is/
atvinna/](http://www.dfs.is/atvinna/)

»DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Kæru Árborgarbúar og nærsvitungar

Hér með tilkynnist að
Hjólaborg reiðhjólaverslun opnar
verslun & verkstæði föstudaginn
25. mars n.k. kl:14:00

Við tökum að okkur allar gerðir reiðhjóla til
viðgerða ásamt því að bjóða uppá ný hjól frá:

TREK LIV GIANT GT

Verið velkomin í kaffi og með því,
ís í boði fyrir börnin



Verslun & þjónusta

Víkurheiði 11, 800 Selfoss 555-7775

Fundarboð

Þ-listinn í Bláskógabyggð boðar til fundar
mánudaginn 28. mars næstkomandi
kl 20:00 í Eyvindartungu.
Efni fundarins eru stefnu-
mál og kynnt verður upp-
stillingarnefnd listans.

Allir velkomnir



FLÓAHREPPUR

Húsvarsla í félagsheimilum Flóahrepps

Starfskraftur óskast í hlutastarf
á fasteignasvið Flóahrepps

Helstu verkþættir eru:

- húsvarsla og ræstingar félagsheimila
- umsjón með lóðum
- undirbúningur vegna viðburða
- þrif og frágangur eftir notkun

Leitað er að starfsmanni sem kemur til með
að starfa með og undir stjórn núverandi
húsvarðar í Þingborg. Vinnan fer fram í Þingborg
og Félagslundi eftir pöntunum á hverjum tíma.

Hæfniskröfur:

- bílpróf
- stundvísi
- góð færni í mannlegum samskiptum
- áreiðanleiki
- snyrtimennska
- almenn tölvukunnátta
- einhver enskukunnátta

Leitað er að metnaðarfullum og jákvæðum
starfskrafti sem þarf að sýna, sveigjanleika og
lipurð í samskiptum. Launakjör eru samkvæmt
kjarasamningum.

Umsóknarfrestur er til 10. apríl. Æskilegt er að við-
komandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefa Ingibjörg Einarsdóttir
húsvörður í Þingborg sími 691 7082 og Eydís Þ.
Indriðadóttir sveitarstjóri, sími 486 4370,
netföng felagsheimili@floahreppur.is eða floahreppur@floahreppur.is

Umsóknir um starfið ásamt starfsferilskrá,
og meðmælum, berist Flóahreppi, Þingborg
803 Selfoss eða á netfangið
floahreppur@floahreppur.is merkt „Fasteignasvið“

Óskað verður eftir sakavottorði
verði af ráðningu.

LANDERÆÐSLAN
NÁMSKEIÐ FYRIR VÉLAVERKTAKA
UM VERND OG ENDURHEIMT
VOTLENDIS MEÐ AHERSLU Á
AÐFERÐIR VIÐ FRAMKVÆMDIR.
Sjá nánar á land.is

Eftir námskeiðið fá þátttakendur staðfestingarskjal sem hægt
verður að framvísa þegar sótt er um verk tengd endurheimt
votlendis.

Dagsetning: 19. apríl næstkomandi klukkan 20:00

Fundarstaður: Rafrænn fundur (Teams)

Skráning í síma 4883000 eða með tölvupósti á
votlendi@land.is

www.land.is



HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Kæru Sunnlendingar
Verðum á Selfossi í Grænumörk 5.
Föstudaginn 1. apríl.

Verið velkomin

Heyrðu umskiptin
Fáðu heyrnartæki til reynslu



ReSound
rediscover hearing

Heyrn, Hlíðasmára 19, Kópavogur, heyirn@heyirn.is

Tímapantanir - 534 9600

Nánari upplýsingar
www.heyirn.is

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Jöfn og sterk keppni í fjórgangi Suðurlandsdeildarinnar



Matthías Kjartansson og Aron frá Þóreyjarnúpi sem sigrðu flokk atvinnumanna og kepptu fyrir lið Vesturkots. Ljósmyndari: Óðinn Örn Jóhannsson.

Önnur keppni Suðurlandsdeildarinnar fór fram þriðjudaginn 15. mars og var þá keppt í fjórgangi ZO-ON. Var það lið Byko og lið Árbæjarhjáleigu/Hjarðartúns sem voru jöfn að stigum og stóðu uppi sem sigurvegarar kvöldsins!

Staðan í liðakeppninni eftir tvær fyrstu greinarnar er þannig að BYKO leiðir, þá Árbæjarhjáleiga/Hjarðartún og svo lið Krappa.

Sæti Lið Stig

1. Byko 190,5
2. Árbæjarhjáleiga/Hjarðartún 170,5
3. Krappi 164,5
4. Nonnenmacher 158
5. Smiðjan Brugghús 156,5
6. Slippfélagið 128
7. Vesturkot 107
8. Töltrider 106
9. Húsasmiðjan 98
10. Hemla/Hrímnir/Strandarhöfuð 96
11. MúrX/Klúbbhús 76,5
12. Vöðlar/Snílldarverk/Sumar-

- liðabær 76,5
13. Fet 48,5
14. Efsta-Sel 41,5

Knappar í úrslitasætum fóru heim með glæsilega vinnuna frá ZO-ON en fyrsta sætið hreppti 50.000 kr gjafabréf frá þessu glæsilega fatamerki.

Úrslit atvinnumanna fóru eftirfarandi:

- Sæti Keppandi / Hestur / Lið Heildareinkunn
- 1 Matthías Kjartansson / Aron frá Þóreyjarnúpi / Vesturkot 7,40
 - 2 Elin Holst / Gígur frá Ketilsstöðum / Byko 7,07
 - 3 Lea Schell / Pandra frá Kaldbak / Krappi 7,00
 - 4 Þórdís Erla Gunnarsdóttir / Sproti frá Enni / Slippfélagið 6,97
 - 5 Hekla Katharína Kristinsdóttir / Lilja frá Kvistum / Árbæjarhjáleiga/Hjarðartún 6,83
 - 6 Sigurður Sigurðarson / Hallsteinn frá Þjóðólshaga 1 / Krappi 6,80

Úrslit áhugamanna fóru eftirfarandi:

- Sæti Keppandi / Hestur / Lið Heildareinkunn
- 1-2 Birna Olivia Ödqvist / Hraunar frá Vorsabæ II / Nonnenmacher 6,97
 - 1-2 Sævar Örn Sigurvinsson / Huld frá Arabæ / Byko 6,97
 - 3 Saga Steinþórsdóttir / Móir frá Álfhólum / Slippfélagið 6,93
 - 4 Vilborg Smáradóttir / Gná frá Hólateigi / Smiðjan Brugghús 6,87
 - 5 Árni Sigfús Birgisson / Fjöður frá Hrísakoti / Byko 6,83
 - 6 Sandra Steinþórsdóttir / Tíbrá frá Bár / Vesturkot 6,80
 - 7 Hermann Arason / Krummi frá Höfðabakka / Árbæjarhjáleiga/Hjarðartún 6,60

Heildar úrslit kvöldsins má nálgast í Kappa-appinu.

Næsta keppni verður þriðjudaginn 29. mars þegar keppt verður í fimmgangi í Rangárhöllinni á Hellu.

Hamar HSK-meistari í blaki karla

Seinni umferð í HSK-móti karla í blaki fór fram á Flúðum fimmtudaginn 17. mars. Leikar fóru þannig að Hamar vann alla leiki 2-0 og urðu þar með HSK-meistarar í blaki 2022. Hrunamenn urðu í öðru sæti og Laugdælir í þriðja. Þrátt fyrir úrslitin þá voru leikirnir jafnir og spennandi og augljóst að kófið er að renna af mönnum.



Sigurlið Hamars.

Mynd: Aðsend.

Hamar og Þróttur Fjarðarbyggð áttust við í tveimur leikjum um liðna helgi



Ferðalag Þróttar á Suðurlandið tók óvænta stefnu þegar flugvél lenti í Keflavík á föstudagskvöld. Fór svo að ferðalaginu lauk ekki fyrir en eftir miðnætti og kannski skiljanlegt að leikmenn liðsins hafi verið lengi í gang á laugardag. Hamar vann fyrstu hrinu auðveldlega 25-16 en mótspyrnan var töluvert meiri í annari hrinu. Jafnt var á með liðunum fram að miðri hrinu en þá náðu Þróttarar góðum kafla og þriggja stiga forystu 17-14. Hamarsmenn tóku þá við sér og jöfnuðu leikinn og eftir það var allt í járnnum. Fór svo að lokum að upphækkun þurfti til að útkljá hrununa þar sem Þróttur hafði frumkvæðið og vann að lokum 27-29. Þriðja hrinan var nokkuð jöfn framan ef þar til Tomek Leik í liði Hamars varð að fara af velli vegna meiðsla. Hamarsmenn virtust við það missa taktinn og þó Tomek kæmi aftur inná eftir aðhlyningu dugði það ekki til og fór svo að Þróttur vann hrununa nokkuð örugglega 25-20. Með því var ljóst að Hamarsmenn þyrftu 5 hrinu leik til að tryggja sér sigurinn. Frá fyrsta stigi í fjórðu hrinu var augljóst að Hamarsmenn ætluðu sér einmitt það og í stöðunni 5-0 leist Þrótturum ekkert á blikuna og tóku leikhlé. Það dugði þó ekki til, Hamarsmenn héldu sínu striki og unnu hrununa örugglega 25-11.

Í fimmtu hrinu var mikill hiti í mönnum og ljóst að bæði lið ætluðu sér sigur. Jafnt var á öllum tölum framan af en þegar Þróttur

komst yfir 4-3 ætlaði allt um koll að keyra og fékk Kristján Valdimarsson í liði Hamars sitt annað gula spjald fyrir mótmæli og þar með rautt (sem í blaki þýðir stig fyrir andstæðingana en ekki úti-lokun úr leiknum). Staðan var þar með orðin 5-3 fyrir Þrótt sem höfðu frumkvæðið þar til Hamar náði forystu 10-9. Hana létu þeir ekki af hendi og unnu hrununa að lokum 15-11 og leikinn þar með 3-2.

Hörku leikur í Hveragerði á laugardaginn sem lofði góðu fyrir seinni leik liðanna klukkan 12:00 á sunnudaginn.

Öruggur sigur í seinni leik liðanna

Hamar og Þróttur Fjarðarbyggð áttust við í seinni leik liðanna um helgina í úrvalsdeild karla í blaki.

Eftir hörku leik á laugardag, þar sem Hamar þurfti fimm hrinur til að knýja fram sigur, mættu Hamarsmenn vel stemmdir á sunnudag og ætluðu sér greinilega að gera betur en í gær. Leikgleðin skein í gegn hjá leikmönnum Hamars og stemmningin var þeirra megin á vellinum allan leikinn.

Hamarsmenn gerðu einmitt það og höfðu frumkvæðið allan leikinn sem lauk með öruggum 3-0 sigri Hamars, 25-18, 25-16 og 25-19.

Hamarsmenn eru efstir í deildinni með 47 stig og eiga eftir 4 leiki á tímabilinu og eru 5 stigum á undan HK sem eiga 3 leiki eftir.

Spennandi stigakeppni á unglingamóti HSK

Unglingamót HSK 15-22 ára í frjálsum íþróttum innan-húss fór fram í Selfosshöllinni 9. mars sl. Keppendur komu frá fimm af aðildarfélögum frjáls-íþróttaráðs HSK og keppt var í 60 m hlaupi, 60 m grindahlaupi, langstökki, hástökki og kúlurparpi.

Stigakeppni mótsins var spennandi og þegar upp var staðið munaði aðeins fjórum stigum á milli Selfoss og sameiginlegs liðs Heklu og Garps. Selfoss sigraði með 192 stig, en Hekla/Garpur voru með 188 stig. Hrunamenn urðu svo í þriðja sæti með 20 stig og Dímon í því fjórða með 13 stig.



Kristófer Árni Jónsson úr Heklu var sigursælasti keppandi mótsins en hann vann allar keppnisgreinarnar fimm í flokki 15 ára drengja. Í stúlknaflokkunum var Hanna Dóra Höskuldsdóttir Selfossi sigursælust, en hún vann þrjár greinar í flokki 16-17 ára stúlkna.

Íþróttir- og æskulýðsmál í Rangárþingi eystra

Við í Rangárþingi eystra verum heppin með okkar íþróttafélög og félagasamtök sem bjóða upp á mikið af ólíkum greinum og öðrum tómstundum þannig að öll ungmenni ættu að hafa möguleika við sitt hæfi. Við búum vel að hafa stór félög sem hafa á sínum snærum fjölbæfa og færa þjálfara og umsjónarmenn. Við búum einnig við þau gæði að eiga nýja félagsmiðstöð sem byggð var utan um starfseminu ásamt því að hafa tónlistarskóla með framúrskarandi kennurum, glæsileg reiðhöll sem áhuga- og atvinnumenn nýta sér .

Starfinu er svo púslað saman fyrir ungmenni á grunnskólaaldri með tilliti til skólaaksturs og er með því verið að stuðla að jöfnu aðgengi allra grunnskólabarna í sveitarfélaginu að íþróttum og tómstundum við hæfi. En staða sveitarfélagsins er þó ekki fullkomin, síðbreytilegar kröfur og framþróun fela í sér að alltaf eru möguleikar til framfara. Sveitarfélagið hefur staðið fast við bakkið á félagasamtökum með þjónustusamningum til að tryggja að fjölbreytt íþrótt- og tómstundastarf þrífist með sem bestum hætti í sveitarfélaginu auk þess að byggja upp fyrir-



myndaraðstöðu. Síðustu misseri hefur fjölbreytileiki íþróttagreina aukist til muna með tilkomu rafíþróttadeildar Dímonar og æfinga ungliðastarfs Skotíþróttafélagsins Skyttna.

Sveitarfélagið þarf að tryggja áframhaldandi uppbyggingu með góðum stuðningi við félögin í formi þjónustusamninga en einnig þarf að vera til staðar fyrirmyndaraðstaða til þess að mögulegt sé að stunda þær greinar sem grundvöllur er að hefja æfingar á. Í þessu samhengi er fyrirséð að bygging nýs gervigrasvallar á Hvolsvelli er framkvæmd sem ráðast verður í á næstu misserum. Með því að byggja upp fyrirmyndaraðstöðu fyrir knattspyrnuíðkendum öðlast aðrar greinar aukið pláss í íþróttamannvirkjum sem nú falla knattspyrnunni í skaut.

Mig langar að benda öllum íþróttaiðkenndum og forráðamönnum þeirra á íþrótt- og

afrekssjóð Rangárþings eystra. Sjóðurinn var stofnaður árið 2018 og var viðleitni sveitarfélagsins til þess að koma til móts við þá iðkendum sem skara fram úr í sínum greinum og þurfa vegna smæðar sveitarfélagsins að sækja æfingar og keppni út fyrir sveitarfélagið.

Fjölmargar rannsóknir sýna fram á að íþrótt- og tómstundastarf er ein mikilvægasta forvörnin gegn áhættu hegðun barna og unglinga. Það er því mikilvægt að sveitarfélögin búi þannig um hnútana í sínu nærsamfélagi að allir einstaklingar hafi svigrúm til þess að stunda íþróttir og tómstundir við sitt hæfi. Ekki er heillavænlegt að horfa um of á uppbyggingu einnar ákveðinnar tómstundaíðju á kostnað þeirrar næstu.

Horfum til framtíðar, nýtt metnaðarfullt deiliskipulag íþrótt- og skólasvæðis býður upp á möguleika til þess að byggja áfram upp frábært íþrótt- og tómstundastarf sem þjónar þeim kröfum sem gerðar eru til þess og hefur mikið forvarnagildi. Tryggjum áframhaldandi uppbyggingu í málaflokknum sem nýtist öllum íbúum.

„Lögreglumenn eru einstök starfsstétt“

Ég hef velt því fyrir mér síðast liðinn fjögur ár sem ég hef starfað innan lögreglunar hvað það er sem gerir lögreglumann að góðum lögreglumanni. Ég hef verið heppinn að fá að vinna með mjög fjölbreyttum starfsmannahópi og það hefur sýnt mér að allir hafa eitthvað fram að færa og eitthvað sem hægt er að læra af. Lögreglumenn koma af mjög fjölbreyttum bakrunni og ég hef séð að hvort sem fólk hefur reynslu sem iðnarmenn eða sundlaugarverðir getur öll sú reynsla sem einstaklingurinn býr yfir hjálpað til við úrlausn mála. Því tel ég að það sem gerir lögreglumann að góðum lögreglumanni vera einhvern sem er tilbúinn að sýna metnað að læra nýja hluti, einhvern sem gott er að vinna með í hóp og einhvern sem getur bæði staðið með sjálfum sér sem og að játa það að enginn veit eða getur allt.

Ljóst er að starfið er mjög fjölbreytt og því margvíslegar áskoranir sem koma upp. Það er eitt af því sem er svo skemmtilegt við þetta starf, að maður veit aldrei svörin við öllu og því er maður alltaf að þróast í starfinu.

Að vinna sem lögreglumaður er maður að vinna í hóp, ekki ósvipað og vera í liði í hópíþrótt. Maður þarf að vinna með fólki að sameiginlegu markmiði til að leysa þær áskoranir sem koma upp. Þó svo maður sé að vinna í hóp tel ég bæði lögreglunámið og starfið sjálft efla hvern þann sem fetar þessa vegferð að verða lögreglumaður. Eykur hæfni í mannlegum samskiptum bæði



vegna stöðugar teymisvinnu og viðræðum við borgarann, eykur hæfni í ákvarðanatöku og að standa með eigin skoðunum, eykur þolinmæði til muna og kennir manni hver gildi manns sem einstaklings eru.

Ég fann bæði í starfinu og í Msl að lögreglumenn eru einstök starfsstétt, ég hef aldrei fundið jafn mikla alúð reyndari lögreglumanna og kennara til að hjálpa manni til að ná tökum á ýmiskonar þekkingu. Námið í háskólanum á Akureyri er fjölbreytt og í starfsnáminu er ótrúlegt, hvað leiðbeinendur við skólann ná að kenna manni á stuttum tíma.

Það sem stendur þó uppúr hjá mér eftir fjögur ár í starfi og í skólanum eru þeir fjölmörgu vinir og vandamenn sem maður eignast. Ég starfa núna við afleysingu sem varðstjóri á Selfossi og er ævinlega þakklátur fyrir að hafa tekið þá ákvörðun um að prófa starfið sem sumarafleysingamaður og síðar sótt um í námið.

Opíð er fyrir umsóknir í lögreglufræði við Háskólann á Akureyri til 31. mars. Kynntu þér málið á www.menntasetur-logreglu.is

Árni Guðmundsson, lögreglumaður hjá lögreglunni á Suðurlandi.



Aðalfundur

Aðalfundur Félags eldri borgara Selfossi 2022 verður haldinn fimmtudaginn 24. mars 2022 kl. 14:00 í Mörk Austurvegi 51 (Grænumörk 5).

Samkvæmt lögum FEBSEL ber að halda aðalfund í febrúarlok ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara í héraðsblaði eða útvarpi og í þjónustumiðstöð. Ekki var unnt að halda fundinn í febrúar vegna reglugerðar heilbrigðisráðherra um fjöldatakmörkanir á samkomum í Covid 19 bylgju.

Dagskrá:

1. Fundarsetning, kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar fyrir síðastliðið ár.
3. Endurskoðaðir ársreikningar kynntir og bornir upp til samþykktar.
4. Lagabreytingar.
5. Árgjöld félagsmanna ákveðin.
6. Kosningar: Kjósa skal hluta stjórnar og varastjórnar sem setið hefur í tvö ár. Tvo skoðunarmenn ársreikninga. Fulltrúa í kjörnefnd sbr. 6. gr. Fulltrúa á þing LEB auk formanns félagsins sem er sjálfkjörinn. Fjöldi þeirra er samkvæmt lögum LEB hverju sinni.
7. Afgreiðsla ályktana.
8. Önnur mál.

STJÓRN FEBSEL



Ert þú smiður?

Óska eftir smiðum eða mjög vönum mönnun í byggingarvinnu.

Senda umsókn á kvistfell@simnet.is

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfti með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



AÐALFUNDUR

Fimmtudag 24. mars verður
aðalfundur félagsins haldinn
kl. 14 í Mörkinni.
Sjá auglýsingu á bls. 9

SKRIFSTOFA FEBSEL

er opin eftir hádegi á
fimmtudögum.

HEILSUEFLING 60+

í Selfosshöllinni
þriðjudaga og fimmtudaga
kl. 9:30 og 10:30.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

A.O. VERKTAKAR

Nýsmíði,
endurbætur
og viðgerðir.

Alhliða
byggingaþjónusta.

Sími 761 8055
aoverkt@gmail.com



Er lúsmý að plaga þig?

Höfum til sölu sérhönnuð
lúsmýsnet í metrali til að setja
fyrir glugga. Sendum samdægurs
um allt land.

Leitaðu upplýsinga og
pantaðu á Postverslun.is.



SÆLIR SUNNLENDINGAR!

Margt og mikið er um að vera hér í
Menntaskólanum að Laugarvatni.

Þann 9. og 10. mars voru dagamunir í
skólanum. Þá er brotið upp á kennslu og
fá nemendur tækifæri til að skrá sig í
ýmiskonar námskeið eða tómstundir sem
nefnd innan skólans sér um að
skipuleggja. T.d. var í boði
brjóstyskursgerð, saumanámskeið, yoga,
hrútaþukl, spjall með 3. bekk,
nornanámskeið, íþróttagreinar og margt
meira skemmtilegt. Einnig kom hún
Alexandra Sif til okkar með fyrirlestur
handa öllum nemandur skólans um
andlega heilsu og sjálfmynd.

Dagamunir enda svo alltaf á Dollanum
sem er haldinn á föstudeginum. Þá er
nemendum skólans skipt upp í lið og
keppa liðin við hvort annað og safna
stigum í ýmsum þrautum og skapandi
verkefnum, eins og t.d. látbragðsleik,
danskeppni, herbergisleit, kahoot
o.s.frv, svo er loka keppnin hreystibraut
sem íþróttaformenn skipuleggja.

Dollinn er skýrður í höfuðið á
fyrirverandi skólaameistara, Halldóri Pál.
Á hverju ári eru liðin nefnd eftir þema, í
ár var þemað vinsælir drykkir. Mikið
keppnisskap og gleði ríkir í kringum
þennan viðburð sem allir nemendur
sækja í.

Liðið Monster stóð uppi sem
sigurvegari í ár.

Umsjón: Margrét Inga Ágústsdóttir og
Jóhannes Torfi Torfason

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi nk. laugardag frá
kl. 11 til 12 á Eyravegi 15.
Frambjóðendur
Framsóknaflokksins til
sveitarstjórnarkosninga í
vor verða gestir okkar.
Allir velkomnir.

FUNDIR



Lyklakippa

Þessi lyklakippa fannst 12.
mars á bílplani við Austurveg 51.
Hægt er að nálgast hana í
afgreiðslu Prentmets Odda á
Selfossi.



Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

BÍLAR



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti



Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.

Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

KIRKJUR

Selfoskirkja

Kvöldmessa sunnudaginn 27.
mars kl. 20:00. Unglingakór
Selfoskirkju syngur en kórinn
fær liðsstyrk frá fyrrum félögum
Unglingakórsins sem rifja upp
gamla takta og tóna úr kórsöng-
num. Stjórnandi Edit A. Molnár
og prestur Gunnar Jóhannesson.
Sunnudagaskóli sama dag kl.
11:00, umsjón Sjófn Þórarins-
dóttir ásamt leiðtogum.
Morgunbænir þriðju-, mið-
viku- og fimmtudaga kl. 9:15.
Kyrrðarstund miðvikudaga kl.
17:00.

Ólafsvallakirkja

Kvöldmessa mánudagskvöldið
28. mars kl. 20. Kirkjukórinn
leiðir söng undir stjórn Þorbjargar
Jóhannsdóttur organista. Að
messu lokinni verður farið yfir
þær viðamiklu framkvæmdir
sem nú eru yfafstaðnar á kirkju-
nni og boðið upp á hressingu.

Hrunakirkja

Kvöldmessa fimmtudagskvöldið
31. mars kl. 20. Messan markar
lok biskupsvísitásiu biskups
Íslands í Hrunaprestakalli. Frú
Agnes prédikar og þjónar ásamt
sóknarpresti. Kórar prestakalls-
ins syngja við undirleik organist-
anna, Stefáns og Þorbjargar.
Allir eru hjartanlega velkomnir.

Þorláksskirkja

Sunnudagurinn 27. mars 2022.
Messa kl. 11:00. Sr. Sigríður
Munda Jónsdóttir þjónar og kór
Þorláksskirkju leiðir safnaðarsöng
undir stjórn Esterar Ólafsdóttur,
organista Sunnudagaskóli kl.
13:00. Biblíufræðsla og mikill
söngur.

Skálholtsdómkirkja

Messa á miðföstu sunnudag 27.
mars kl. 11. Þema dagsins er
brauð lífsins. Altarísanga.
Organisti er Jón Bjarnason. Sr.
Kristján Björnsson þjónar fyrir
altari og prédikar.

Haukadalskirkja

Messa á miðföstu sunnudag 27.
mars kl. 14. Þema dagsins er
brauð lífsins. Altarísanga.
Organisti er Jón Bjarnason. Sr.
Kristján Björnsson þjónar fyrir
altari og prédikar.

Mosfellskirkja í Grímsnesi

Kvöldmessa alla miðvikudaga á
föstunni kl. 20. Allir velkomnir.
Miðvikudagana 23. mars og 30.
mars messar sr. Bolli Pétur
Bollason og organisti er Jón
Bjarnason.

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 26. mars.
Biblíulexíur kl. 11 í höndum Erics
Guðmundssonar, umfjöllunar-
efnið er Hebraabréfið og guðs-
þjónusta kl. 12, með ræðu hefur
Eric Guðmundsson.

Kálholtsskirkja

Guðsþjónusta verður á sunnu-
dagskvöldið 27. mars kl. 20.00.
Fermingarbörn og fjölskyldur
þeirra boðin sérstaklega vel-
komin. Aðalsafnaðarfundur
verður haldinn að athöfn lokinni.

Stokkseyrarkirkja

Messa sunnudaginn 27. mars kl.
11:00. Kirkjukórinn syngur, org-
anisti Haukur Arnarr Gíslason,
prestur Gunnar Jóhannesson.

Gerðu þín eigin fermingarboðskort
á hönnunarvefnum okkar

honnun.prentmetoddi.is



Eðlilegir og heilbrigðir stjórnsýsluhættir

Heiðbrá
Ólafsdóttir

Íbúi Rangárþingi
eystra



Hinn 3. mars síðastliðinn auglýsti Rangárþing eystra stöðu fulltrúa á sveitarskrifstofu Rangárþings eystra laust til umsóknar. Um var að ræða áhugaverða stöðu sem felur í sér margvíslega áskoranir í starfi meðal annars ýmiskonar samninga- og skjalagerð ásamt afleysingum í fjárhagsdeild sveitarfélagsins. Rangárþing eystra á mikið hrós skilið fyrir góða og virka fésbókarsíðu þar sem sveitarfélagið hefur lagt metnað sinn í að deila ýmsum góðum og hagnýtum upplýsingum fyrir íbúa sem og gesti sveitarfélagsins. Því vakti það undrun hjá undirritaðri þegar umrædd staða var einungis auglýst undir fréttayfirliti á heimasíðu sveitarfélagsins og hvergi annars staðar, til að mynda undir liðnum laus störf eða á fésbókarsíðu sveitarfélagsins. Þessu til viðbótar þá var auglýstur umsóknarfrestur einungis sex dagar eða til 9. mars en svo breytt þremur dögum seinna

til 14. mars, eftir að undirrituð vakti athygli á stuttum umsóknarfresti.

Íbúar hvers sveitarfélags eiga skýlausan rétt til þess að sveitarstjórn tileinki sér eðlilega og heilbrigða stjórnsýsluhætti með hagsmuni allra íbúa að leiðarljósi. Um leið og við hvetjum ungt og menntað fólk til þess að setjast að í okkar sístækkandi sveitarfélagi verðum við að sýna það í verki að við erum tilbúin til þess að taka vel á móti því og deila með því öllum þeim tækifærum sem sveitarfélagið hefur fram á að bjóða, hverju sinni.

Öll getum við sammælt um opna og gegnsæja stjórnsýslu og aukið upplýsingaflæði til íbúa en það er ekki nóg að rita slíka viljayfirlýsingu niður á blað í kosningabaráttu eða við upphaf nýs kjörtímabils, heldur þarf einnig að fylgja því eftir í verki, annað eru það orðin tóm.

Í sístækkandi sveitarfélagi er mikilvægt að allar stjórnsýsluákvæðanir séu ávallt byggðar á vönduðum og vel ígrunduðum vinnubrögðum sveitarstjórnar sem endurspeglar góða stjórnsýslu.

Til þess að hægt sé að tryggja jafnræði og réttlátt samfélag er enn mikilvægara að

sveitarstjórnarmenn hafi tryggt sé grunnþekkingu á góðum stjórnsýsluháttum og hafi beinan vilja til þess að framkvæma samkvæmt því.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem undirrituð sér tilefni til þess að gagnrýna vinnubrögð sveitarstjórnar Rangárþings eystra og vísar þar í opið bréf undirritaðra til sveitarstjórnar Rangárþings eystra dagsett þann 19. október 2020 en í stað þess að skrifa annað opið bréf til sveitarstjórnar hef ég ákveðið að taka beinan þátt í komandi sveitarstjórnarkosningum. Ég hef því tekið þeirri áskorun að bjóða fram krafta mína fyrir nýju sameinuðu framboði Nýja listans og L-listans í Rangárþingi eystra undir nafninu Nýi óháði listinn og þakka um leið traustið og hvatninguna. Að framboðinu stendur breiður hópur heimamanna sem hefur ákveðið að taka sveitarstjórnarmálin í sínar hendur, að sameinast um mikilvæg og brýn málefni með því að bjóða fram krafta sína og hugsjónir með hagsmuni allra íbúa að leiðarljósi, nýbúa sem og framtíðaríbúa, sveitarfélaginu öllu til framtíðarheilla.

Leikdeild UMF Bisk
frumsýnir gamanleikritið:

Ef væri ég gullfiskur

eftir Árna Ibsen.

Sýningar hefjast kl. 20 nema sunnudags-sýningar sem byrja kl. 17. Miðasala er inni á tix.is og við innganginn.

Veitingahúsið Mika í Reykholti býður upp á leikhúsmatseðil fyrir sýningar (nema þann 27. mars). Borðapantanir: mika@mika.is eða í síma 486 1110



Sýningar:

25. mars – föstudagur - frumsýning

27. mars - sunnudagur

30. mars - miðvikudagur

1. apríl - föstudagur

2. apríl - laugardagur

3. apríl - sunnudagur

Sjáumst
í Aratungu

Vinstri græn í Árborg kynna framboðslista

Vinstri græn í Árborg boða til félagsfundar fimmtudagskvöldið **24. mars, klukkan 20** á Hotel Southcoast á Selfossi.

Fyrst er félagsfundur þar sem framboðslisti Vinstri grænna í Árborg verður kynntur og borinn upp til samþykktar.

Að honum loknum verður opinn fundur þar sem **Svandís Svavarsdóttir**, matvælaráðherra, heldur ávarp og ræðir við fundargesti um komandi sveitastjórnarkosningar.

Öll velkomin!





Undraverður árangur í eitt ár

Eitt ár er nú liðið frá því að Sigurhæðir, þjónusta við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi, hóf starfsemi sína á Selfossi, en dyr þeirra voru opnaðar skjólstæðingum hinn 22. mars 2021. Sigurhæðir er fyrsta og eina sérhæfða úrræðið á þessu sviði í fjórðungnum og jafnframt fyrsta úrræðið fyrir þolendur kynbundins ofbeldis á Íslandi sem býður upp á áfallameðferð sem veitt er af viðurkenndum áfallasálfræðingi. Þá er enn fremur viðamikili hópastarf, einstaklingsviðtöl, lögfræðiráðgjöf, þjónusta lögreglu og margháttuð fræðslustarfsemi til staðar innan vébanda Sigurhæða.

Soroptimistaklúbbur Suðurlands tók frumkvæði að stofnun Sigurhæða en leitaði strax til lykilaðila á Suðurlandi um þátttöku í þeim tilgangi að skapa vettvang til samhæfingar og náins samstarfs í baráttunni við það samfélagsmeið sem kynbundna ofbeldið er og um aukna þjónustu við þann mikla fjölda sem glímur við afleiðingar þess. Skemmst er frá því að segja að allir þeir sem Soroptimistaklúbbur Suðurlands leitaði til tóku frumkvæðinu fagnandi og hafa öll sveitarfélögin sunnlensku, 15 að tölu, sameinast í samstarfinu innan Sigurhæða sem og Heilbrigðisstofnun Suðurlands, lögregluembættin á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum, sýslumannsembættin á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum, Kvennaráðgjöfin og Mannréttindaskrifstofa Íslands. Þessi samstaða og einhugur er mikið fagnaðarefni.

Kraftaverk upp á hvern dag

Á þessu eina ári hafa um hundrad konur og reyndar nokkur börn fengið þjónustu sem getur spannað allt frá einstaklingsviðtölum upp í viðamikili hópastarf og svokallaða EMDR áfallameðferð til viðbótar. Þrír meðferðaraðilar sjá um þessa þjónustu, allar fagmenntaðar og þrautreyndar. Á þessum tíma höfum við sem stöndum að Sigurhæðum séð konur rétta úr sér, líta framan í heiminn, finna sína rödd og styrk, jafnvel hefja atvinnuþátttöku aftur eftir tímabil kulnunar, örorku og vanvirkni.



Þær hafa sungið fyrir okkur Soroptimistasystur, málað og dansað. Þær hafa varpað af sér oki og endurbyggt tengsl við sína nánustu, annað fólk. Stundum hafa konur bókað fyrsta tíma hjá okkur og afbókað eða ekki mætt. Þá vitum við að kjarkurinn hefur brugðist eða aðstæður yfirbugað þær – tímabundið. Þær mæta undantekningalítið seinna. Okkur Soroptimistasystur finnst við verða vitni að kraftaverkum upp á hvern dag. Fyrir það erum við fullar þakklætis og auðmýktar, þakklætis í garð skjólstæðinga okkar, samstarfsaðila og þeirra fjölmörgu styrktaraðila sem hafa gert okkur fjárhagslega kleift að halda Sigurhæðum úti með ítrustu fagmennsku að leiðarljósi - og auðmýktar fyrir það mikla traust sem Sigurhæðir njóta.

Stuðningur er vel þeginn

Allir sem að starfsemi Sigurhæða koma, jafnt skjólstæðingar sem sjálfbæðiðar og starfsfólk, hafa skrifað undir þagnarheit, en fullur trúnaður við skjólstæðinga er ófrávikjanlegt grundvallargildi í öllu starfi Sigurhæða. Öll þjónusta Sigurhæða er endurgjaldslaus.

Á ársafmælinu erum við í þeim sporum að leita enn á ný eftir stuðningi við Sigurhæðir, enda er kostnaðaráætlun þessa árs ekki fullfjármögnuð. Fyrir þá af lesendum Dagskrárinnar sem þess óska birtum við því upplýsingar um hvernig koma má fjárhagslegum styrk til Sigurhæða á framfæri.

Soroptimistaklúbbur Suðurlands
v/SIGURHÆÐA
Kt. 620210-1370
Brn. 0325-13-400047

Með innilegum þökkum,
Hildur Jónsdóttir
Verkefnisstjóri SIGURHÆÐA

**VÉLSMIÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



**HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.**

Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Þreint um allt Suðurland



auglysingar@dfs.is



ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

**Tækniþjónusta
Suðurlands ehf.**
Selfossi

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Simkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynolds

Gunnar Guðmundsson
Sími 694 4922

Vilmundur Sigurðsson
Sími 779 6777

**Sprettur
ÁBURÐUR**

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**expert
kæling**

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

**TAXI
SELFOSSI**
482-3800

D-H BÓKHALD

✓ Bókhaldsþjónusta
✓ Skattskil
✓ Stofnun fyrirtækja
✓ Framtöl og ársreikningar
✓ Fyrirtækjaraðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

Jiibbií
Siggaferðir

- Flutningaþjónusta -


Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

Lagnaþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT


**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is



**Hjólbarðapjónusta
Magnúsar**

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

**Rétting
og málun**

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

☎ 480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is